

## AUGLÝSING

### um umferð á Seyðisfirði.

Samkvæmt heimild í 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, hefur byggðarráð Múlaþings samþykkt að setja eftirfarandi reglur um umferð á Seyðisfirði. Auglýsingin hefur fengið samþykki frá lögreglustjóranum á Austurlandi og veghaldara sem er Múlaþing:

1. *Takmarkanir á akstri.*

Einstefna er inn Ferjuleiru frá gatnamótum Hafnargötu og Ferjuleiru, að gatnamótum Lónsleiru og Ferjuleiru á Seyðisfirði.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar og varir frá 1. júní til 30. september ár hvert. Samþykkt í byggðarráði Múlaþings 21. maí 2024.

*Egilsstöðum, 21. maí 2024.*

**Björn Ingimarsson** sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 24. maí 2024